

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar

Hjálagt er yfirlit yfir úrvinnslu þeirra 75 ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar sem starfshópur um niðurstöður úttektarnefndar lagði til að brugðist yrði við. Ábendingarnar hafa kallað á mismikla vinnu eftir eðli þeirra og umfangi. Úr sumum hefur verið unnið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en að öðrum hefur verið unnið annars staðar í miðlægri stjórnsýslu eða á fagsviðum. Sbr. töflu hér að neðan hefur 35 ábendingum af 75 verið lokað og 40 eru enn í vinnslu. Af þessum 40 eru margar samtengdar, einkum ábendingarnar í 4., 5. og 10. kafla en þar er að finna 26 af 40 ábendingum sem enn eru í vinnslu.

Tafla 1. Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar

	Kafla 3	Kafla 4	Kafla 5	Kafla 6	Kafla 7	Kafla 8	Kafla 10	Samtals
Í vinnslu	4	9	8	5	3	2	9	40
Lokað	7	7	0	2	18	0	1	35
Ábendingar samt.	11	16	8	7	21	2	10	75

Í kafla 3 um hlutverk kjörinna fulltrúa eru fjórar ábendingar enn í vinnslu og hefur töluverð vinna þegar farið í úrvinnslu flestra þeirra.

Í kafla 4 um miðlæga stjórnsýslu og yfirstjórn fagsviða, innra/ytra eftirlit eru níu ábendingar enn í vinnslu og eru margar þeirra samtengdar. Töluverð vinna hefur farið fram við úrvinnslu þeirra en mikil vinna er enn óunnin, t.d. varðandi fyrirkomulag gæðastjórnunar, árangursstýringar, áhættustýringar og innra eftirlits sem allt hefur sterka tengingu við verkswið stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Í kafla 5 um stjórnsýslustöðu B-hluta fyrirtækja eru átta ábendingar enn í vinnslu. Hér er um að ræða umfangsmikið verkefni. Ýmislegt kemur til álita varðandi stjórnsýslustöðu B hluta fyrirtækja, þ.e. einkum eigendastefnur, rekstrarform, hlutverk kjörinna fulltrúa og umsýslu með B hluta innan borgarkerfisins. Lögfræðingur hefur tekið til starfa tímabundið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til að sinna undirbúningsvinnu og tillögugerð eins og við á.

Í kafla 6 um vöru-, þjónustu- og verkkaup eru fimm ábendingar enn í vinnslu. Innkaupadeild

hefur unnið aðgerðaáætlun sem ætlað er að mæta ábendingum bæði úttektarnefndar og innri endurskoðunar. Þá stendur enn yfir úrvinnsla ábendinga sem komu fram í úttekt innri endurskoðunar á meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja frá 26.4.2011 (fjórum ábendingum hefur verið lokað en 5 eru enn í vinnslu).

Í kafla 7 um skipulagsmál og fjárfestingar eru þrjár ábendingar enn í vinnslu á umhverfis- og skipulagssviði.

Í kafla 8 um styrkveitingar, kaup og sölu eigna og úthlutun efnislegra verðmæta hjá Reykjavíkurborg eru tvær ábendingar enn í vinnslu. Starfshópur um stöðu og verkefni skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og verkaskiptingu og samstarf við önnur svið borgarinnar tók til starfa 15. júní sl.

Í kafla 10 um siðferði og starfshætti hjá Reykjavíkurborg eru níu ábendingar enn í vinnslu. Starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar og mannauðsdeild var falin ábyrgð á framfylgd siðareglna borgarinnar, mótun verklagsreglna um framkvæmd þeirra, fræðslu og innleiðingu siðareglna á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Auk þess fékk mannauðsdeild það verkefni að útfæra verklag og vettvang innan borgarinnar til að fjalla um meint brot á siðareglum. Sökum mannabreytinga og forgangsröðunar verkefna er þessi vinna skammt á veg komin.

Svavar Jósefsson
verkefnastjóri stjórnsýslu- og gæðamála

Hjálagt:

Yfirlit yfir úrvinnslu ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar dags. 30. september 2015.

Samrit:

Hallur Símonarson, innri endurskoðandi.